

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 27. febrúar 2020
UST202002-213/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir Gíslholt í Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 20. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Gíslholt í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir 8 frístundalóðum, 3 íbúðarlóðum og einni lóð fyrir skemmu.

Eystra- Gíslholtsvatn

Umhverfisstofnun bendir á að Eystra-Gíslholtsvatn sem deiliskipulagið nær til, fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem að vatnið er stöðuvatn sem er 1.000 m² að flatarmáli eða stærra.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um stöðuvatnið í tillögunni, að það komi fram að stöðuvatnið falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og fjallað sé um umhverfisáhrif tillögunnar á stöðuvatnið.

Að mati Umhverfistofnunar hefur tillagan eins og hún er sett fram óveruleg áhrif á verndargildi stöðuvatnsins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur